



11. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2024/2025
haldinn miðvikudaginn 4. febrúar 2025
haldinn í Borgartúni 27, 2. hæð, kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson varaformaður, Íris Davíðsdóttir, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson.
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 8. janúar sl.
2. Ósk FPR um stuðning vegna verkfalls, sjá tp. 29. janúar 2025.
3. Pallborð með frambjóðendum til rektors.
4. Samráðsnefndarfundur 16. janúar sl.
5. Vinnumatssjóður og Keldur
6. Norrænn fundur 10. – 12. júní nk.
7. 0,1% framlagið.

Frambjóðendur til kjör rektors HÍ 2025 koma til fundar með stjórn Fh:

13:15 - 13:45	Magnús Karl Magnússon
14:00 - 14:30	Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir
14:45 - 15:15	Silja Bára R.Ómarsdóttir
15:30 - 16:00	Björn Þorsteinsson
16:15 - 16:45	Ingibjörg Gunnarsdóttir

1. Fundargerð, janúar 2025

Fundargerðin var samþykkt.

2. Óformlegt erindi frá FPR

Óformlegt erindi barst í tölvupósti frá formanni FPR, vegna stuðnings við hugsanlegs verkfalls þeirra. Málið rætt og ákveðið að bíða eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslu FPR um verkfall.

3. Pallborð með frambjóðendum til rektors

Formenn Fh og FPR hafa verið að skoða málið. Meðal annars hefur verið rætt um vikuna 4. – 7. mars til að halda fundinn og Oddi 101 nefndur sem mögulegur fundarstaður. Áfram verður unnið að skipulagningu fundarins.

4. Samráðsnefndarfundur, 16. janúar 2025

Baldvin sagði frá fundinum og þar var meðal annars fallað um:

- Fh hefur skipað í hópa sbr. viðauka við stofnanasamning frá september 2024 og HÍ fékk upplýsingar um það.
- Samgöngustyrkur í mótun, ekki endanleg niðurstaða.
- Vinna við HERU gengur vel. Tengingar við launaflokka og mat á menntun og reynslu verður næsta viðfangsefnið.
- HÍ lagði fram túlkun á því hvernig meta á starfsreynslu aðjúkta II.
- Enn er unnið að rannsóknarmisseri sérfræðinga.
- Starfsskyldur lektora og dósentana. Fyrir fundinn var fulltrúum Fh afhent drög að breytingum að texta starfsskyldna, þegar lektorar og dósentar fara á líffeyri. Ekki enn formlegt.
- Málefnum nýdókora og reglum um vinnumatssjóð var frestað til næsta fundar.

Næsti fundur verður haldinn 11. febrúar 2025. Stjórn var sammála því að senda félagsfólki upplýsingar um stöðu mála.

5. Vinnumatssjóður og Keldur

Framkvæmdastjóri sagði frá því að erindi hafi verið sent á lögmann BHM þess efnis að hann sendi ítrekun á kröfum félagsins gegn Keldum, að öðrum kosti verði farið með málið fyrir dómstóla.

6. Norrænn fundur

Baldvin ítrekaði að stjórnarfolk sem hefur tök á því að fara á norrænan fund systursamtaka í Vasa í Finnlandi um miðjan júní nk., láti framkvæmdastjóra vita.

7. 0,1 % framlagði.

Baldvin sagði stuttlega frá stöðu málsins.

Fundi lauk kl. 17. Næsti fundur 5. mars nk.

Frambjóðendur til kjörs rektors HÍ 2025 komu til fundar með stjórn Fh:

Frambjóðendum var boðið að koma til hálf tíma fundar við stjórn félagsins og allir þáðu boðið.

Frambjóðendur höfðu fengið senda umræðupunkta frá stjórn félagsins sem þeir töluðu út frá ásamt því að fara yfir helstu áherslumál sín. Umræðupunktar stjórnar Fh eru þessir:

Sýn til rektorsembættisins

- Hvert er að þínu mati lykilhutverk rektors?
- Hver er þín framtíðarsýn fyrir Háskóla Íslands?
- Hvert er hlutverk Félags háskólakennara í þeirri sýn?
- Hvernig sérðu fyrir þér að mæta rekstrarvanda Háskólans?

Aðstöðumál

Atlaga hefur verið gerð að ýmsum kjörum sem eru ekki beinlínis kjarasamningsbundin og má þar helst nefna niðurfellingu ferðastyrkja Sáttmálasjóðs. Þá hefur verið boðuð breyting á mótuneytismálum starfsfólks (leggja niður fæðisfé og auka niðurgreiðslu til HÁMU) og gjaldskylda á bílastæðum háskólans á sama tíma og samgöngustyrkur hefur staðið óbreyttur í áraraðir. Hver er þín sýn til þessara mála?

Álag á starfsfólk háskólans

Starfsánægjukannanir hafa sýnt aukna kulnun meðal starfsfólks, sem stafar meðal annars af miklu vinnuálagi bæði í akademíu og í stjórnsýslu. Háskóli Íslands hefur breyst mikið á undanförunum árum með tilkomu meistara og doktorsnáms og 36 tíma vinnuvika dugir ekki til að ljúka þeim verkefnum sem þarf að ljúka. Það leiðir til mikils yfirvinnuálags sem jafnvel fæst ekki greidd sbr. þak á kennsluþvinnu.

- Hvernig hyggst þú beita þér fyrir því að skilgreina vinnutímann innan 36 tíma markanna svo draga megi úr streitu akademísku starfsfólks?
- Ef þú ættir að nefna eitthvað þrennt sem þú vilt leggja áherslu á gagnvart almennu heilbrigði og starfsánægju starfsfólks Háskóla Íslands hljóti þú kosningu - hvað myndir þú nefna?

Mönnunarvandinn og launakjör

Samkeppnisfærni Háskólans um hæft starfsfólk hefur versnað til muna undanfarin ár, launakjör hafa staðið í stað eða versnað í öllum starfahópum Félags háskólakennara og álag aukist þar sem Háskólinn er ekki samkeppnishæfur um laun gagnvart öðrum ríkisstofnunum auk þess sem endurnýjun hefur ekki átt sér stað með eðlilegum hætti. Hvaða möguleika sérð þú til að bæta kjör við Háskóla Íslands til að koma til móts við mönnunarvandann og hvernig sérð þú fyrir þér að hægt verði að bæta/fjármagna nauðsynlega mönnun á næstu árum?

Jafnréttismál

Eftir breytingar á reiknilíkani Háskóla Íslands var stofnuð nefnd sem hefur það hlutverk að samræma uppgjör kennslu milli deilda og fræðasviða innan skólans.

- Hver er þín afstaða til núverandi dreifingar fjármagns til fræðasviða HÍ?
- Jafnrétti er eitt af þremur gildum Háskóla Íslands og mikilvægur þáttur í öllu starfi skólans. Hvernig hyggst þú vinna gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi innan Háskóla Íslands?